

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2023, miðvikudaginn 8. febrúar, kl. 9:10 var haldinn 257. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúinn Andrea Helgadóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Líf Magneudóttir og áheyrnarfulltrúinn Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Inga Rún Sigurðardóttir og Dagný Alma Jónasdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttur Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 19. janúar 2023, þar sem tilkynnt er að á fundi borgarstjórnar þann 17. janúar 2023 var samþykkt að Unnur Þöll Benediktsdóttir taki sæti varamanns í umhverfis- og skipulagsráði í stað Gísla S. Brynjólfssonar. MSS22060046
2. Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 2. febrúar 2023. USK23010150
3. Lögð fram skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags Elliðaárvogs-Ártúnshöfða - svæðis 7 (Bíldshöfða/Breiðhöfða) á hluta miðsvæðis M4a og á opnu svæði OP30 skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Rammaskipulag Elliðaárvogs-Ártúnshöfða var staðfest árið 2017 og í framhaldi hefur verið unnið að deiliskipulagi minni áfanga á svæðinu. Skipulagssvæðið afmarkast af Bíldshöfða til suðurs, stoðvegg til norðurs (deiliskipulagsmörkum áfanga 1 og 2 skv. rammaskipulagi), Breiðhöfða til austurs og Þórðarhöfða til vesturs. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð þar sem stærstur hluti verður íbúðarhúsnæði. Einnig er gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði, sérstaklega á götuhæðum við Bíldshöfða og Breiðhöfða. Byggingarmagn og hæðir húsa munu ráðast við gerð deiliskipulags m.t.t. markmiða aðalskipulags um sjálfbæra þróun og gæði byggðar sbr. skipulagslýsingu Nordic dags 25. janúar 2023. Lagt er til að lýsingin verði kynnt og leitað umsagna þeirra aðila sem taldir eru upp í henni. Samþykkt er að kynna lýsingu vegna nýs deiliskipulags Elliðaárvogs-Ártúnshöfða - svæðis 7, sbr. 1. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagna um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, íbúaráðum á svæðinu og helstu samráðs- og umsagnaraðilum, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. janúar 2023, ásamt því að kynna hana fyrir almenningi.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010138

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins finnst það spurning hvort þörf sé á að fá breskt fyrirtæki til að votta byggðina. „Til að hljóta vottun BREEAM Communities þarf skipulag að uppfylla ákveðnar skyldukröfur (fyrsta stigs vottun) en við fullnaðarvottun fær skipulagið lokaekinn í samræmi við fjölda krafna sem það uppfyllir.“, segir í gögnum. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér kostnaðinum og hver sé líklegur ávinningur fyrir borgina. Vinna má gott skipulag án þess að fá vottun. Er stefna borgarinnar að, reglugerðir og vinna arkitekta sé ekki nægilega góðar við að skipuleggja byggð?

4. Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kurt og Pí ehf. f.h. eiganda dags. 13. júní 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. Í breytingunni felst breytt landnotkun og byggingarmagn og breyting á byggingareitum, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 13. júní 2022, síðast breytt 30.

janúar 2023. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 19. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristján Þ. Davíðsson dags. 25. ágúst 2022, Gunnar Ingi Gunnarsson dags. 30. ágúst 2022, Ásthildur S. Rafnar og Þorsteinn Ólafsson dags. 30. ágúst 2022, Björn M. Björgvinsson og Sigfríður Fanney Úlfjótisdóttir dags. 31. ágúst 2022, Þorsteinn G. Þórhallsson dags. 1. september 2022, Hildur Georgsdóttir dags. 7. september 2022, stjórn húsfélagsins að Laugarnesvegi 87-89 dags. 18. september 2022, Björn M. Björgvinsson f.h. stjórnar húsfélagsins að Kirkjusandi 1, 3 og 5 dags. 19. september 2022 og Lilja Sigrún Jónsdóttur dags. 19. september 2022. Einnig eru lagðir fram tölvupóstar Björns M. Björgvinssonar dags. 7. september 2022 og tölvupóstur Gunnars Inga Gunnarssonar dags. 8. september 2022 þar sem óskað er eftir útlitsteikningu, umsögn Veitna dags. 9. september 2022 og áskorun Björns Magnúsar Björgvinssonar og Gunnars Inga Gunnarssonar f.h. húsfélaganna að Kirkjusandi 1, 3 og 5 og Laugarnesvegi 87-89 dags. 12. september 2022 um að heimila niðurrif á gamla Íslandsbankahúsinu þó svo að deiliskipulagsvinnu lóðarinnar sé ólokið. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. febrúar 2023. Lagt er til að tillagan er samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að hámarkshæð húss A4 á Kirkjusandsreit verði fimm hæðir í stað sex. Jafnframt er lagt til að útbúið verði gott leiksvæði fyrir börn og ungmenni á reitnum.

Breytingartillagan er felld með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Tillaga um breytingu á deiliskipulagi er samþykkt, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. febrúar 2023.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
Vísad til borgarráðs. SN220377

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipulagstillaga um uppbyggingu á lóð A við Kirkjusand er að okkar mati vönduð. Gert er ráð fyrir inngörðum og vistvænu umhverfi. Um 240 fjölskyldur fá tækifæri til að búa til að búa á skemmtilegum stað miðsvæðis í borginni. Komið hefur verið móts við áhyggjur nágretta með því að lækka hæð stærsta hússins úr 7 hæðum í 6. Við teljum ekki ástæðu til að ganga lengra og fækka íbúðum.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista leggur áherslu á að við breytingar á skipulagi og hönnun á stöðum sem verða fyrir afar áþreifanlegum áhrifum af sterkum vindum, svo sem við strandlengju í norðvesturátt eins og á við um þessa lóð ætti ávallt að fylgja líkan af áhrifum vinda og skjóláhrif af hönnun bygginga. Öryggi gangandi og annarra óvarinna vegfarenda sem verða fyrir afar miklum áhrifum af sterkum vindstrengjum þarf að vera tryggt þegar þetta á íbúðabyggð á slíkum stöðum. Ísing og hálka að vetrarlagi sem fylgir strandlengju sérstaklega gerir þetta enn mikilvægara. Sömuleiðis þarf ávallt að liggja fyrir að uppbygging skóla og annarrar grunnþjónustu, sem og vetrarþjónusta í umhverfi slíkrar þéttingar sé tryggð með hana í huga, og að hún sé tilbúin að taka við fjölgun barna og annarra íbúa um leið og áætlað er að þeir geti flust inn í nýbyggingarnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í athugasemdum er kvartað yfir ófullnægjandi kynningu. Einnig er kvartað yfir of miklu skuggavarpí. Enda þótt allar byggingar varpi vissulega einhverjum skugga er

hér um að ræða vandamál sem tengist of mikilli þéttingu byggðar og þá er það þéttingarstefnan sem er vandamálið. Nefndir eru mögulegir vindstrengir og það er atriði sem á að kanna áður en form bygginga er ákvarðað. Skipulagsyfirvöld sinna þessu atriði lítið sem ekkert með þeim afleiðingum að allt of oft myndast hættulegir vindstrengi nálægt háum byggingum. Um það eru þekkt dæmi í Reykjavík. Í gögnum er ekkert fjallað um þennan þátt sem ætti að vera eitt af aðalatriðunum. Bent er á að leikskóla og skólamál, séu í ólestri í hverfinu. Taka þarf strax á þeim málum. Vonandi verður tekið tillit til þessara athugasemda. Endurskoða þarf samráðs- og kynningarmál frá grunni.

5. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna breytinga á fyrirkomulagi gangstéttar og bílastæða við Brautarholt 16-20 í samræmi við hjálagða skýringarmynd dags. 26. janúar 2023 og vinni í kjölfarið forhönnun að endurhönnun götunnar í heild þar sem lögð er áhersla vistlegt yfirbragð götunnar þar sem eru góðar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og gróður. Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað.

Edda Ívarsdóttir, deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK22120052

6. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dags. 31. janúar 2023. USK22120096
7. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 21. desember 2022 ásamt kæru nr. 144/2022, dags. 17. desember 2022 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur þann 24. nóvember 2022 um breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits er felur í sér auknar heimildir til nýtingar sameinaðrar lóðar að Sóltúni 2-4. Einnig er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 31. janúar 2023. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni. USK22123007
8. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 29. júní 2022, ásamt kæru nr. 64/2022, dags. 21. júní 2022, þar sem kærð ákvörðun skipulags- og samgönguráðs frá 9. febrúar 2022 og borgarráðs frá 24. febrúar 2022 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi á Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 26. júlí 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. janúar 2023. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs frá 24. febrúar 2022 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vega reita G, H og I. SN220430
9. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 20. júlí 2022, ásamt kæru nr. 78/2023, dags. 16. júlí 2022, þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur þann 24. febrúar 2022, að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 26. júlí 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. janúar 2023. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs frá 24. febrúar 2022 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vega reita G, H og I. SN220461
10. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Gangbraut yfir Kollagrund við Klébergsskóla, sbr. 29. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023.
Vísad til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar inn í vinnu um umferðaröryggisáætlun. USK23010121
11. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umhverfismál, sbr. 35. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023. Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.
USK23010119

12. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kolefnisútbástur stórra og meðalstórra fyrirtækja, sbr. 38. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.
USK23010118

13. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um göngu- og hjólastíga, sbr. 41. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23010144

14. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í borginni rísa hverfi byggð á hugmyndum um vistvæna byggð og áherslu á aðra fararmáta en einkabíl. Í svörum til íbúa í Vogabyggð kemur fram að vetrarþjónusta verði ekki veitt í hverfinu fyrir en komið sé á eitthvert ótiltekið "framkvæmdarstig", þó voru fyrstu íbúðir í þessum umbreytingarfasa hverfisins afhentar um haustið 2019 og er þetta því fjórði veturinn nú sem nýir íbúar eru án vetrarþjónustu. Íbúar sem hafa búið í hverfinu enn lengur vitna einnig um að vetrarþjónusta sem miðist að annarri umferð en bifreiða hafi aldrei verið veitt allan þann tíma sem þau hafi haft þar aðsetur en sé jafnvel verri nú en áður. Þrátt fyrir þetta ástand mála í Vogabyggð virðast önnur hverfi sem enn eru í uppbyggingu fá eðlilega vetrarþjónustu skv borgarvefsjá. Sömuleiðis vantar grunninnviði sem tryggja öryggi gangandi vegfarenda að þeim leikskóla sem reistur hefur verið fyrir börn hverfisins. Hvernig er farið að áætlun og skipulagi svokallaðra vistvænna hverfa, þegar kemur að málum sem þessum, er einhver áhersla lögð á að tryggt sé að fólk sem fjárfestir í húsnæði í slíkum hverfum, eða flyst í þau almennt, geti farið ferða sinna í öryggi án bifreiðar og að öðru leyti lifað eftir þeim formerkjum sem hverfin eru auglýst með? USK23020100

15. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir samantekt á öllum fyrirspurnum og tillögum sem enn er ósvarað/afgreiddar sem lagðar hafa verið fram af Flokki fólksins á þessu og síðasta kjörtímabili á umhverfis- og skipulagsráði USK23020098

16. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um af hverju SORPA eða einstök sveitarfélög eru ekki búin að skipuleggja/semja um að flytja út sorp til brennslu. Álfsnes er að verða fullnýtt sem urðunarstaður, en er áfram nýtt. Í Evrópu vantar orku og eftirspurn er töluverð eftir úrgangi til brennslu. Félög eins og ÍGF og Terra geta auðveldlega bætt á sig að flytja út sorp til brennslu og þar með létt á urðun á Álfsnesi. Á hverju stendur eiginlega? Nú þarf að að skipuleggja og framkvæma. USK23020099

Fundi slitið kl. 11:20

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Kjartan Magnússon
Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson
Líf Magneudóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar Árið 2023, þriðjudaginn 31. janúar kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1196. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Nikulás Úlfar Másson, Snædís Karlsdóttir Bergmann, Sigrún Reynisdóttir, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Vífill Björnsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Akurgerði 33 - BN059446 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun bílskúrs, mhl.02, í atvinnuhúsnæði og innrétta húðflúrsstofu við raðhús, mhl.01, á lóð nr. 33 við Akurgerði. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021. Gjald kr. 12.100. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Borgartún 30 - USK23010010 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 01-0202, um er að ræða tilfærslur á léttum veggjum og klæðningu í húsi á lóð nr. 30 við Borgartún. Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 27. desember 2022.. USK23010010 Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Borgartún 41 - BN061778 Sótt er um leyfi til að byggja 3 til 6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 115 íbúðum í sjö stigahúsum, einangruð og klædd að utan á bílakjallara sem er sameiginlegur með aðliggjandi lóðum á lóð nr. 41 við Borgartún. Erindi fylgir greinargerð um einangrun, greinargerð um aðgengi og greinargerð um öryggismál, greinargerð um hljóðvist frá Myrra dags.10. nóvember 2022 og brunahönnun frá Örugg, dags. 17. nóvember 2022.Stærð, A-rými: 12.195,9 ferm., 39.729,9 rúmm.A-rými, svalir: 112,7 ferm.B-rými: 3.116,7 ferm.Samtals 15.692,3 ferm., 41.121,5 rúmm.Gjald kr. 13.200. Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Brautarholt 6 - BN060766 Breytingar 1. og 2. hæð. Bréf skipulagsfulltrúa 19. janúar 2023 fylgir erindi. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. Bústaðavegur 145A - USK23010021 Sótt er um leyfi til að reisa dreifstöð raforku fyrir einn spennni, stálgrindarhús klætt málmklæðningu og forsteyptri botneiningu, á lóð nr. 145A við Bústaðaveg. Stærð: 7,5 ferm., 21,8 rúmm. Erindi fylgir útgefið hæðar- og mælibleið. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
6. Eirhöfði 7 - USK23010065 Sótt er um leyfi til að setja niður tvö djúpgámasett með fimm djúpgámum hvort, sorplausn erindis BN061148, með 96 íbúðum í fjórum stigakjörnum

merktir A-B-C-D, í matshluta nr. 01, djúpgámasett í matshluti nr. 02, norðan við hús, á skika 6A við Eldshöfða fyrir A-B með 51 íbúð og matshluti nr. 03, sunnan við hús, á skika 6A við Steinhöfða fyrir C-D með 45 íbúðir, fyrir hús á lóð nr. 7 við Eirhöfða.
Stærð: 49,8 ferm., 124,4 rúmm.
Erindi fylgir hæðar- og mæliblað.
Frestað. Vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.

7. Eirhöfði 7 - BN061148 Sótt er um leyfi til að byggja steipt fjölbýlishús með 96 íbúðum, í fjórum byggingum ásamt bílgeymslu í einum matshluta, byggingarnar bera merkingu A-B-C og D og skiptist svo, í stigagangi A eru 21 íbúð á 4-6 hæðum, í stigagangi B eru 30 íbúðir á 7 hæðum, í stigagangi C eru 28 íbúðir á 6 hæðum og í stigagangi D eru 17 íbúðir á 6 hæðum, geymslur, tæknirými og bílgeymsla er í kjallara matshluta nr. 01 og inngarði bygginga, öll þök húsa eru flöt og útveggir einangraðir og klæddir áklæðningu að utanverðu á lóð nr. 7 við Eirhöfða.
Stærð: 14.243,8 ferm., 40.880,7 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð um aðgengi dags. 8. desember 2022, greinargerð um einangrun, öryggismál og reiknuð U-gildi húsa 7A, 7B, 7C og 7D, skráð þann 16. nóvember 2022, skýringa teikningar hönnuðar, afrit af teikningu skipulagi lóðar og greingerð um ábyrgðarsvið hönnuða. Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 17. nóvember 2022. Gjald kr.12.600. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 8. desember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 8. desember 2022.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
8. Fossvogsvegur 8 - BN061807 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058359 þannig að staðföngum er breytt, tröppur úr kjallara eru færðar, bætt við steiptum vegg við skábraut í kjallara og gluggum breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Fossvogsveg.
Stærð eftir breytingu, A-rými: 4.266,6 ferm., 13.451,2 rúmm.
B-rými: 4.455,8 ferm.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
9. Grandagarður 16 - USK23010305 Sótt er um leyfi til að breyta veitingastað á annarri hæð, þ.e. rekstur rýmis 01-0208 verði flokkur II, teg. a, fyrir 60 gesti í sal og sólskála og veggur í eldhúsi færður, jafnframt er notkunareiningum fjölgað í húsi á lóð nr. 16 við Grandagarð.
Erindi fylgir gildandi aðaluppdrættir erindis BN061211, séruppdrættir loftræsingar nr. L-30B og L-32B, dags. 24. janúar 2023, bréf hönnuðar dags. 25. janúar 2023 og samþykki skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna dags. 11. nóvember 2022.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Grandavegur 47 - USK22122926 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060001, þ.e. fallið er frá lækkun lóðar við útvegg suðausturhlíðar íbúðar 0005, gluggar og hurðir í breyttri mynd, á húsi á lóð nr. 47 við Grandaveg. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. desember 2022,

afrit tölvupósts hönnuðar með skýringum breytinga, dags. 20. janúar 2023 og Yfirlit breytinga unnið á teikningum.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

11. Gerðarbrunnur 7 - BN060992 Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr með flötu þaki, einangrað að utan og klætt dökkri áklæðningu, á lóð nr. 7 við Gerðarbrunn. Stærðir: 296,7 fermm., 933,1 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 5.056.1 dags. 8. janúar 2019 og hæðablað 5.056.1 útg. B3 dags. í maí 2018. Gjald kr. 12.600
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
12. Grensásvegur 14 - BN061816 Sótt er um leyfi til að innrétta veitingarstað í fl. I tegund ?? fyrir 15 gesti í mhl. 01 rými 0102 í húsi á lóð nr. 14 við Grensásveg.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
13. Hallgerðargata 1 - BN061884 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055390 þannig að fyrirkomulagi geymslna og tæknirýma í kjallara er breytt, einnig er breytt brunakröfu á einhverjum hurðum, innra skipulagi eldhúsa íbúða, innra skipulagi leikskóla ásamt lóðarhönnun fjölbýlishúss og leikskóla á lóð nr. 1 við Hallgerðargötu.
Erindi fylgir bréf HER til hönnuðar dags. 10. september 2021.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
14. Haukahlíð 1 - USK23010020 Sótt er um leyfi til að loka undirgöngum með glerhurðum og koma fyrir svalalokunum á íbúðum 0205, 0305, 0405, 0501, 0206, 0207, 0306, 0307, 0407, 0408, 0502 og 0503 í mhl. 04 í fjölbýlishúsum á lóð nr. 1 við Haukahlíð.
Erindi fylgir fundargerð aðalfundar í húsfélaginu Haukahlíð 1 dags. 28. apríl 2022.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. Haukahlíð 2 - USK22122966 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061145, 2. áfangi, þ.e. Valshlíð 5 með 15 íbúðum, Valshlíð 7 með 14 íbúðum, Haukahlíð 2 með 13 íbúðum, Haukahlíð 4 með 13 íbúðum og Haukahlíð 6 með 15 íbúðum, jafnframt er íbúðum og íbúðarstærðum Valshlíðar nr. 1 með 21 íbúð og nr. 3 með 33 íbúðum breytt og allir matshlutar á lóð sameinaðir í matshluta nr.01, í 5 hæða fjölbýlishúsi ásamt kjallara á lóð nr. 2 við Haukahlíð.
Stærðir
Matshluti 01: 18.354,8 ferm., 51.320,5 rúmm.
Matshluti 02: 27,5 ferm., 94,9 rúmm.
Matshluti 03: 27,5 ferm., 94,9 rúmm.
Matshluti 04: 27,5 ferm., 94,9 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 14. nóvember 2022, greinargerð hljóðvistar dags. 20. desember 2022, greinargerð brunahönnuðar dags. 19. desember 2022, yfirlit breytinga unnið á afriti teikninga hönnuðar, yfirlitsmyndir aðaluppdráttar í 1:200, hæðar- og mæliblað.
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
16. Haukdælabraut 118 - BN061866 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053496 v/lokaúttektar þannig að staðsetningu á setlaug hefur verið breytt við einbýlishús á lóð nr. 118 við Haukdælabraut.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Lagfæra skráningu.

17. Ingólfsstræti 21B - USK23010007 Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofu í kjallara, í matshluta nr. 01, í húsi nr. 21B á lóð nr. 21B við Ingólfsstræti. Erindi fylgir skýringarmynd f. skráningartöflu dags. 1. desember 2022.
Frestað. Vísað til athugasemda.
18. Jöfursbás 11B - stöðuleyfi - USK23010182 Sótt er um stöðuleyfi fyrir tveimur 8 rúmm. gáma sem hluti tímabundinnar sorplausnar, staðsettir á gangstétt utan lóðar, vestur við matshluta nr. 01, hús B, framan við hús á lóð nr. 11 við Jöfursbás.
Erindi fylgir afrit eyðublaðs umsóknar dags. 22. desember 2022, afrit tölvupósts dags. 1. desember 2022 og lóðaruppráttur dags. 17. mars 2020.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
19. Jörfagrund 54-60 - BN060851 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059816, þ.e. lækka kóta aðkomuhæðar og aðkomuleiðir innan lóðar um 30 sm í húsum á lóð nr. 54-60 við Jörfagrund. Stærð: Óbreytt. Gjald kr.12.600.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
20. Kirkjustræti 2 - USK23010091 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060686, þ.e. á votrymum, innra skipulagi, inngangshurð, stigum, sorplausn og diskalyfta fjarlægð á öllum hæðum, bætt úr brunamerkingum húss í rekstri gististaðar í flokki II, tegund b., fyrir 124 gesti, í húsi á lóð nr. 2 við Kirkjustræti.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á teikningum erindis BN060686.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. Klapparstígur 1-7 - BN061771 Sótt er um leyfi að skipta í tvær eignir, mhl. nr. 18, rými 0001 í tvö fasteignanúmer, 0001 og 0002 í kjallara í húsi nr. 10 við Skúlagötu á lóð nr.1-7 við Klapparstíg. Erindi fylgir fundagerð húsfélags með samþykki sex eiganda af sjö sem mættu á fundinn sem haldinn var 25. október 2022 hjálagað sem fylgirit.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
22. Klettagarðar 7 - BN061673 Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús, verkstæði/lager, með aðliggjandi skrifstofuhluta á tveimur hæðum á báðum göflum, á lóð nr. 7 við Klettagarða.
Erindi fylgir umsögn brunahönnuðar dags. 24. október 2022.
Stærð: 1.890,1 ferm., 14.090,2 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
23. Kirkjuteigur 18 - USK23010040 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0001 í kjallara, þannig að baðherbergi er sameinað þvottahúsi, eldhúsið stækkað og hurð færð til í burðarvegg á lóð nr.18 við Kirkjuteig.
Erindi fylgir umsögn burðarþolsverkfræðings dags, 3.janúar 2023.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Kleifarvegur 12 - Breytingar kjallara - garðskáli 1.hæð - BN061567 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, baðherbergi er endurnýjað og stækkað og garðskála er komið fyrir undir svölum 1. hæðar húss á lóð nr. 12 við Kleifarveg.
Stækkun: 31,7 ferm., 76,6 rúmm.
Erindi fylgir umboð eiganda íbúðar 01-0101 dags. 29. september 2022, samþykki í formi áritunar á smækkað afrit aðaluppdráttar dags. 29. september 2022, afrit fundargerðar húsfélags dags. 16. október 2022. og yfirlit breytinga unnið á afrit aðaluppdráttar erinda BN057778 og BN058529. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. október 2022. og bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Kornagarðar 1 - BN061727 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. hæðar og millipalls, matshluti nr. 01, í húsi á lóð nr. 1 við Kornagarða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefna aðaluppdráttar erinda BN056501 og BN058458.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
26. Kringlan 1 - BN061614 Sótt er um að innréttar fyrir tímabundna notkun leikskólarými fyrir 130 börn á 1. hæð skrifstofuhúss á lóð nr. 1 við Kringluna. Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
27. Langholtsvegur 115 - BN060077 Sótt er um leyfi til að byggja yfir svalir fyrstu hæðar á vesturhlíð húss á lóð nr. 115 við Langholtsveg.
Stækkun er: 11,7 ferm., 30,5 rúmm. Erindi fylgir útgefið mæliblað dags. 23. september 2005. Samþykki meðeigenda dags. 27. október 2021. Erindi fylgir bréf hönnuðar vegna fráviks frá gildandi deiliskipulagi og athugasemdum SHS dags. 20. janúar 2022.
Gjald kr. 12.100.
Frestað. Lagfæra skráningu.
28. Laugavegur 37 - USK23010012 Sótt er um leyfi til að byggja svalir á götuhlið 2. hæðar, breyta innra skipulagi og breyta skráningu úr gististað í íbúðir í íbúðar- og verslunarhúsi á lóð nr. 37 við Laugaveg.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 28. desember 2022.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
29. Laugavegur 50 - USK23010219 Sótt er um breytingar á gluggasetningu á suð-vesturhlíð og minniháttar breytingu á gluggum á suðausturhlíð
Sótt er um leyfi til að breyta erindi B058582 vegna lokaúttektar þannig að gluggum á bakhlið er breytt og loft tekið niður í íbúð 0301 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 50 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
30. Laugavegur 116 - USK23010023 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060795 vegna lokaúttektar þannig að vöruhurð er breytt í flekahurð með gönguhurð, á lager matvöruverslunar á 1. hæð í verslunar-og skrifstofuhúsi nr. 116, mhl.09, á lóð nr. 118 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga, afrit af aðaltekningu samþykkttri 24. maí 2022. Sjá einnig tölvupóst dags. 26. janúar 2023.
Gjald kr. 14.000
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

31. Lambhagavegur 7 - USK23010011 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055624, þ.e. komið fyrir sýnatökubás og brunamerkingum breytt, í húsi á lóð nr. 7 við Lambhagaveg. Frestað. Vísað til athugasemda.
32. Lyngháls 5 - USK23010022 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN044779 v/lokaúttektar þannig að byggt hefur verið nýtt milliloft, 0205 og gerð ný opnun á eldvarnarvegg í rými 0204 í húsi á lóð nr. 5 við Lyngháls.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Stækkun: 13,3 ferm.
Eftir stækkun: 2.727,9 ferm. 11.501,1
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
33. Mörkin 8 - BN061412 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057105 vegna lokaúttektar, þ.e. skipulagi lóðar og aðkomu matshluta nr. 03, norðvestan við hús á lóð nr. 8 við Mörkina.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti teikninga hönnuðar dags. 26. nóvember 2019.
Gjald kr.12.600. BN061412
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
34. Reykjavíkurlugvöllur (stöðuleyfi) - USK22123001 Sótt er um stöðuleyfi fyrir skrifstofugám og tveimur geymslugámum í syðri hluta Reykjavíkurlugvallar.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir ódagsett yfirlitsmynd og tvær ljósmyndir.
Frestað. Vísað til athugasemda.
35. Rökkvatjörn 11 - USK23010220.
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058902 þannig að innra skipulagi er breytt í endaraðhúsi nr. 11, mhl.04, á lóð nr. 5 við Rökkvatjörn.
Frestað. Vísað til athugasemda.
36. Skipholt 1 - BN061851 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059412 þannig að rými 0035 er breytt úr atvinnurými í geymslur, rými 0106 er minnkað, íbúð 0101 er stækkuð og breytt í tveggja herbergja íbúð, vatnsúðakerfi er fellt út og þess í stað bætt við flóttaleið, rýmismúmerum er fjölgað og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 1 við Skipholt.
Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.241.2 dags. 23. desember 2021, hæðablað dags. í maí 1955 og yfirlit breytinga á óstimpluðum aðalteikningum dagsettum 11. janúar 2022.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
37. Skipholt 5 - BN061792 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059811, þ.e. svalir/flóttapallur íbúðar 0201 er minnkaður og flóttaleið færð og verði út um baðherbergi íbúðar, í húsi matshluta nr. 01, á lóð nr. 5 við Skipholt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefina aðaluppdráttar erindis BN059811.
Erindi fylgir samþykki eigenda af húsfundi, dags. 30. janúar 2023.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Lagfæra skráningu.
38. Smiðjustígur 13 - USK23010141 Sótt er um leyfi til að rífa bílskúr og byggja tveggja hæða hús í gömum stíl ofan á kjallara sem fyrir er, ásamt tengibyggingu yfir í mhl. 01 með sameiginlegu anddyri fyrir bæði húsin og innréttu fjögur, tveggja manna herbergi í gististað í flokki II, teg. C í nýja húsinu, þannig að samtals verða sjö herbergi fyrir 14 gesti á lóð nr. 13 við Smiðjustíg.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits dags. 28. desember 2022, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags, 12. desember 2022, minnisblað með geislunarútreikningum frá Brunahönnun slf., dags. 9. júlí 2021, greinargerð aðalhönnuðar merkt 12-20-026 útg. 001 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2021.

Stækkun: xx ferm., ss rúmm.

Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

39. Vesturbrún 2 - USK23010008 Sótt er um leyfi til að byggja stakstæðan, staðsteyptan bílskúr við lóðarmörk, einangraður að innanverðu og útveggir múraðir, bygging er sunnan við hús í eigu íbúðar 01-0101, í húsi á lóð nr. 2 við Vesturbrún.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 17. ágúst 2022, samþykki eigenda aðliggjandi lóðar nr. 4 við Vesturbrún, bréf hönnuðar vegna samræmingar á aðaluppdráttum, ódags.
Afrít umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021 og mæliblað 1.380.2
Frestað. Vísað til umsagnar og/eða ákvörðun um grenndarkynningu skipulagsfulltrúa.
40. Vesturgata 53 - USK22122965 Sótt er um leyfi til að stækka hús í matshluta nr. 01, port hússins hækkað og byggt yfir vesturenda og stækkað til suðurs, jafnframt er sótt um að sameina matshluta nr. 04 og nr. 01 og fjölga íbúðum um eina, í matshluta nr. 01, í húsi nr. 53 á lóð nr. 53-53A við Vesturgötu.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 20. desember 2022, greinargerð brunahönnuðar dags. 20. desember 2022, heildar varmataps rammí dags. 20. desember 2022, afrít eyðublaðs byggingarleyfis ódags., gátlisti aðaluppdráttu ódags., afrít starfsábyrgðartryggingu hönnuða dags. 20. maí 2022 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2022.
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Ýmis mál

41. Móar vegsvæði - 33.616.1 - USK23010180
Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
42. Spilda úr Ártúni - 31.534.2 - USK23010181
Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 12:40

Nikulás Úlfar Másson

Snædís Karlsdóttir Bergmann
Vala Ragna Ingólfssdóttir
Guðrún Ósk Hrólfssdóttir

Sigrún Reynisdóttir
Vífill Björnsson